

ORKUSTOFNUN
JARÐHITADEILD

HOLUBRÉF

nr.9

78-05-12

Í Holubréfi nr.7 var sett fram einfalt líkan af jarðhitakerfinu í Kröflu. Stöðugt er unnið að endurbótum á þessu líkani, og verður hér getið nýrra niðurstaðna, sem breyta myndinni nokkuð.

Við nákvæma úryinnslu þrýsti- og hitamælinga er hægt að ákyarða þrýsting niður á um 600 m dýpi undir sjávarmáli (1000-1100 m dýpi í holu), en það er mjög nálægt því að vera botninn á efra kerfinu. Niðurstaðan er sýnd á mynd 1, fyrir dýpið 500 m u.s. og sést þar að á þessu dýpi er (ótruflaður) þrýstingur í kerfinu hæstur nálægt Hveragili en lækkar til vesturs. Sambærileg mynd virðist gilda um önnur dýpi niður í botn efrakerfis. Þessar niðurstöður hafa það í för með sér að hringstreymi í A-v sniði likt og sýnt er í Holubréfi 7, er ekki mögulegt í efra jarðhitakerfinu.

Fyrri ályktanir um hringstreymi voru dregnar að þeim jarðefnafræðilegu niðurstöðum að vatn nálægt Hveragili er minna soðið en vestar á svæðinu. Einnig hefur fundist súrefni í sýnum úr KG-8. Þendir það til blöndunar á yfirborðsvatni við jarðhitavatnið. Vegna þessarar blöndunar var dregin sú álktun að niðurstreymi væri í jarðhitakerfinu í **grennd við KG-8**. Svæðið umhverfis KG-8 einkennist ekki af niðurrennslu, hins vegar er KG-8 sú af borholum, sem fjærst er uppstreymissvæðinu og áhrif blöndunar því mest. Rennsli í kerfinu er hins vegar í vestlæga stefnu frá uppstreymisrás við Hveragil eða austar. Á mynd 2 er sýnd sú mynd sem þá kemur fram af jarðhitakerfinu. Helstu breytingar frá fyrra líkani (Holubréf 7), auk ofangreindra atriða, eru, að í Hveragili eða í Suðurhliðum Kröflu verður að vera uppstreymisrás frá neðra kerfi upp í efra kerfið. Kerfin tvö tengjast saman á þessum stað, og er efra kerfið afrennsli neðra kerfisins. Segja má að með þessari nýju mynd renni bæði kerfin saman á uppstreymissvæðinu.

Engin tök eru á/að draga neinar afgerandi ályktanir um hvernig uppstreyminu er háttar, né hvað taki við handan þess. Mynd 1 bendir til að uppstreymisrásin sé ekki "punkt-laga", heldur hafi vissa lengd í N-S stefnu. Hvort hér er um að ræða sprungu (Hveragil), eða mun viðáttumeirar svæði (Hveragil og Suðurhliðar Kröflu), verður aðeins skorið úr um með borunum nálægt eða í uppstreymið.

Vitað er að sá hluti neðra kerfisins, sem borað hefur verið í er í suðu, þannig að í bergeninu er blanda af gufu og vatni. Hitastig í kerfinu ræðst því af þrýstingi á hverju dýpi. Nýtanlegar æðar í neðra kerfi eru á núverandi borsvæði flestar á bilinu 1500-2200 m og hitastig mjög hátt. Nú er talið trúlegt að það sé á bilinu 310-350 °C. Nýting jarðhitavökva með svo háu hitastigi hefur sýnt sig að vera mjög erfið, vegna útfellinga á járni og kísil í borholunum. Miðað við núverandi þekkingu er óhætt að segja að hún sé ómöguleg, nema með því móti að hreinsa holur á allt að 2 vikna fresti. Slikur kostnaðarauki við rekstur borhola virðist óyfirstiganlegur.


Þau gögn sem fengist hafa síðan í janúar 1977, þegar tveggja kerfa kennингin var fyrst lögð fram benda til að uppstreymissvæði frá neðra kerfi upp í efra kerfi sé austan við núverandi borsvæði. Sú nýja mynd, sem sýnd er á mynd 2, styður þessa túlkun með enn sterkari rökum.

Benedikt Steingrímsson

Valgarður Stefánsson



KRAFLA
þrýstingur 500m. undir sjávarmáli





Einfölduð mynd af Kröflusvæðinu

78 IO 12 VS / IS

T-570

Krafla

F-17009

0 500 1000m

